

Fundargerð
346. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 29. nóvember 2017, kl 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Fundur formannaráðs BSRB
4. Fræðslufundur Réttindanefndar BSRB
5. Fyrirmyndastjórnandinn 2017
6. EPN í Færeyjum
7. Kjaramál
 - Stofnanasamningar á Suðurnesjum
 - Vinna við bókun 8 með kjarasamningi við ríkið
8. Ráðstefna um öldrunarmál
9. Desemberblað Sjúkraliðans

Önnur mál

Dagskrá:

1. Fundur settur
Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð alla velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.
3. Fundur formannaráðs BSRB
KÁG fór yfir helstu atriði sem rædd voru á fundi formannaráðs. Breytingar á persónuverndarlögum og þá miklu breytingu sem fylgir þeim varðandi meðhöndlun gagna. Rætt var á formannafundinum um komandi ríkisstjórn og hugsanlegar áherslur

hennar. Farið var yfir að huga þurfi bráðlega að undirbúningi næsta þings BSRB. Bjarg íbúðarfélag var kynnt og farið yfir hvar verði byggt og hvenær. Sjá fylgigögn.

4. Starfsdagur Réttindanefndar BSRB

GÖG fór yfir dagskrá dagsins. Fram kom að fulltrúi umboðsmanns alþingis fór yfir réttmætisregluna, Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB fór yfir jafnræðisregluna og Arna Jakobína fór yfir helstu atriði varðandi vinnuskipulag vaktavinnufólks. Fram kom að mikil umræða var um málefni og dagurinn áhugaverður.

5. Fyrirmyndastjórnandinn 2017

KÁG og GÖG fóru yfir að borist hafi nokkrar ábendingar um fyrirmyndastjórnanda, sem allar væru vel unnar. Áhersla er á að finna þann stjórnanda sem skaraði fram úr að mati sjúkraliða í mannauðsstjórnun. Viðkomandi stjórnandi verður verðlaunaður og kynntur í Sjúkraliðanum ásamt öðrum sem voru tilnefndir. Farið var yfir ábendingarnar þær vegnar og metnar og ákveðið hver stæði upp úr þetta árið.

6. EPN í Færeyjum

KÁG gerði grein fyrir að þing EPN verði í Færeyjum næsta vor og í tengslum við hann verður aðalfundur. SLFÍ á þrjá fulltrúa á fundinn og félagið mun senda þá á aðalfundinn. Þátttakendur á þinginu frá félaginu verða félagsstjórnin, framkvæmdastjórn og varamenn í framkvæmdastjórn ásamt framkvæmdastjóra félagsins. Nafnalisti þarf að sendast fljótlega til Færeyja og einnig upplýsingar um hvort við ætlum að taka þátt í skoðunarferðinni sem verður í tengslum við þingið, en hvert félag þarf að greiða fyrir sína fulltrúa í þá ferð.

7. Kjaramál

- Farið var enn og aftur yfir stöðuna varðandi gerð/uppfærslu stofnanasamnings á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Nú hefur náðst niðurstaða og laun sjúkraliðanna í heimahjúkrun verið leiðrétt í takt við kröfu félagsins og sjúkraliðanna og stofnanasamningurinn hefur verið uppfærður og gildir frá 1. júní 2016.
- Rætt var um hina erfiðu stöðu í vinnunni vegna bókkunar 8 í síðasta kjarasamningi við ríkið, sem varðar auknar greiðslur í menntunarsjóði félagsins og að inn kæmi fulltrúi/ar frá vinnuveitendum í stjórn Starfsþróunarsjóðs. Umræða var um hvort ástæða væri til að hafna hækkun á greiðslum í menntasjóði félagsins á þeirri forsendu að fulltrúar félagsins geti ekki sætt sig við að stór hluti af auknum greiðslum sem samið var um að ættu að fara í sjóði SLFÍ eigi að fara í sjóði annars stéttarfélags að kröfu fjármálaráðuneytisins. [Sjá fylgiskjal](#)

8. Undirbúningur að ráðstefnu um málefni aldraðra

Haldinn var annar fundur í undirbúningshópi ráðstefnunnar um málefni aldraðra, sem SLFÍ mun verða í forsvari fyrir. Á fundinn mættu KÁG, Birna Ólafsdóttir, Ingibjörg Hjaltadóttir, Hanna Steinsson félagsráðgjafi, Ólafur Þór Gunnarsson öldrunarlæknir og þingmaður VG og Þórdís S Hannesdóttir formaður Deildar sjúkraliða með sérnám, en Ögmundur Jónasson var fjarverandi. Unnið var áfram með dagskránnu og farið yfir hugsanlega fyrirlesara og ákveðið að ráðstefnan fari fram 12. apríl 2018.

Á fundi framkvæmdastjórnar var farið yfir nýjustu dagskrárdrögin sem eru að verða nokkuð fastmótuð. Farið var yfir tillögur/hugmyndir um fyrirlesara, en þeir eru orðnir að miklu leyti ákveðnir en það á eftir að hafa samband við þá, en það verður gert fljótlega. Farið verður í að leita eftir viðeigandi fundar-/ráðstefnusal.

Mikill áhugi kom fram hjá öllum viðstöddum.

9. Sjúkraliðinn desemberblað SLFÍ

GÖG fór yfir að blaðið sé að verða klárt og lokapróförk í vinnslu.

Vaktabókin er komin úr prentun og er tilbúin til pökkunar því plöstin eru einnig komin í hús. Gert er ráð fyrir að bókinni verð dreift með blaðinu.

Önnur mál

- GÖG fór yfir hversu vel heppnaður fræðsludagur LSH hefði verið þar sem fjalla var um gerð stofnanasamninga. Fram kom að erindi KÁG formanns SLFÍ á fræðsludegi Landspítala háskólasjúkrahúss hefði verið gott og kröftugt. Erindið fjallaði um sýn stéttarfélagsins á gerð og virkni stofnanasamninga.
- JJS og KÁG fóru yfir fundinn sem var með sjúkraliðum á Akranesi vegna ágreinings um aðalfundarstörf Vesturlandsdeildar. Ákveðið að KÁG og JJS fari á fund með stjórn Vesturlandsdeildar.

Fundi slitið kl. 17.30